

## Neotigason

3. útgáfa öryggis- og fræðsluefnis fyrir sjúklinga



Fræðsluefnið er útbúið og því miðlað/dreift til að uppfylla kröfur lyfjafirvalda, en markmiðið er að auka öryggi og tryggja rétta notkun lyfsins.

### Áminningarkort fyrir sjúkling

Fyllist út af lækni

**Nafn læknis:**

**Sími:**

**Neotigason má ekki nota á meðgöngu.**

Neotigason getur valdið ófæddu barni alvarlegum skaða ef það er tekið á meðgöngu.

**Ef þú verður barnshafandi eða þig grunar að þú gætir verið barnshafandi skaltu strax hætta að taka Neotigason og hafa samband við lækinn þinn.**

Lestu fylgiseðilinn vandlega áður en þú hefur meðferðina.

**Leitaðu ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi ef þú hefur spurningar eða áhyggjur vegna töku Neotigason.**

#### **Ef þú gætir hugsanlega orðið barnshafandi þarft þú að gera eftirfarandi:**

- Þú verður að nota að minnsta kosti eina mjög örugga getnaðarvörn (til dæmis lykkju eða vefjalyf) eða nota með réttum hætti tvær öruggar getnaðarvarnir sem virka á misjafnan hátt (til dæmis getnaðarvarnarpillu ásamt smokki) áður en meðferð hefst, allan tímann meðan á meðferð stendur og í 3 ár eftir að meðferð lýkur.

- Þú mátt ekki verða barnshafandi meðan þú ert að taka Neotigason, né í 3 ár eftir að meðferð lýkur.

- Þú verður að hitta lækinn þinn reglulega og taka þungunarpróf með reglulegu millibili:

- Áður en þú hefur meðferðina þarft þú að taka þungunarpróf, sem verður að vera neikvætt.

- Til að ganga úr skugga um að þú sért ekki barnshafandi meðan á meðferðinni stendur þarft þú að taka þungunarpróf reglulega, helst mánaðarlega. Þú átt einnig að taka þungunarpróf á 1-3 mánaða fresti í 3 ár eftir að meðferð lýkur.

#### **Áminning fyrir karla og konur**

Þessu lyfi hefur verið ávísað fyrir þig eingöngu, þú mátt ekki deila því með neinum og þú verður að skila ónotuðum hylkjum aftur í apótekið.

## Tímatafla

Notaðu þessa töflu til að skrá niður hvenær þú átt að hitta lækinn þinn:

**Nafn læknis:**

**Sími:**

Fyllist út af sjúklingi			Fyllist út af lækni
Dagsetning læknisheimsóknar	Getnaðarvörn sem notuð er	Niðurstaða úr þungunarprófi	Undirskrift læknis
		<input type="checkbox"/> Jákvætt <input type="checkbox"/> Neikvætt <b>Dagsetning:</b>	
		<input type="checkbox"/> Jákvætt <input type="checkbox"/> Neikvætt <b>Dagsetning:</b>	
		<input type="checkbox"/> Jákvætt <input type="checkbox"/> Neikvætt <b>Dagsetning:</b>	
		<input type="checkbox"/> Jákvætt <input type="checkbox"/> Neikvætt <b>Dagsetning:</b>	
		<input type="checkbox"/> Jákvætt <input type="checkbox"/> Neikvætt <b>Dagsetning:</b>	
		<input type="checkbox"/> Jákvætt <input type="checkbox"/> Neikvætt <b>Dagsetning:</b>	
		<input type="checkbox"/> Jákvætt <input type="checkbox"/> Neikvætt <b>Dagsetning:</b>	

Neotigason

3. útgáfa öryggis- og fræðsluefnis fyrir sjúklinga